

## 5. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2022 - 2023 haldinn miðvikudaginn 12. apríl 2023 kl.12:00.

**Mætt voru:** Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sara Dögg Svanhildardóttir og Frosti Logason . Hrefna Ævarsdóttir fulltrúi foreldraráðsins. Fríða Gyldadóttir fulltrúi kennara, Andri Bergmann Ísaksen fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

### Dagskrá:

- Fjármál skólans  
Staðan eftir síðasta ár var ekkert sérstaklega góð en til var fjármagn fyrir því. Erum undir áætlun í launakostnaði það sem af er ári. Yfirvinna var minnkuð markvisst til að vinna á móti halla. Engar áhyggjur af rekstri skólans.  
Það stefnir í niðurskurð í menntakerfinu en ekki er vitað hve mikið það verður. Á næstu fimm árum a.m.k. eru að koma inn stórir árgangar í framhaldsskólana. Sett verður fjármagn í verknám á næstunni.
- Innritun  
Aukning á umsóknum hefur verið frekar stöðug síðan 2008, síðasta ár var alger metfjöldi sem sótti um í FG. Búumst ekki við svo miklum fjölda núna fyrir haust 2023. Garðbæingar voru um 1/3 af nemendum sem teknir voru inn haustið 2022. FG tók ekki þátt í kynningu framhaldsskólanna í Laugardalshöll þetta árið en verðum með opið hús í skólanum 13. apríl.
- Breytingar í starfsmannamálum  
Þrjár stöður eru auglýstar núna: afleysing í íslensku, kerfisstjóri og aðstoðarskólameistarastaða.
- Félagslíf nemenda  
Árshátíð nýlokið og gekk vel; uppselt var í matinn og mikil stemning.  
Körfuboltamót framhaldsskólanna gekk vel, margir skólar utan af landi tóku þátt. FG vann söngkeppni framhaldsskólanna. Kosningar í stjórn NFFG verða í byrjun maí.

### Fundargögn

- Staða fjármála eftir mars
- Innritun frá 2008-2022
- Breytingar í starfsmannamálum
- Ársskýrsla 2022

Næsti fundur skólanefndar verður 1. júní.

Fundi slitið kl.13.45

Fundarritari: Snjólaug E. Bjarnadóttir